

5. grein

Stjórn félagsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri og fjórir meðstjórnendur, sem kosnir eru á aðalfundi skriflegri og óbundinni kosningu, formaður til eins árs, en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára.

Formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur skal kjósa skriflega hvern útaf fyrir sig. Úr stjórninni ganga annað árið formaður, ritari og tveir meðstjórnendur, en hitt árið formaður, gjaldkeri og hinir tveir meðstjórnendurnir.

Stjórnin kys sjálf varaformann úr sínum hópi. Forfallist ritari eða gjaldkeri, skipar stjórnin einhvern úr sínum hópi í þeirra stað. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur ásamt félagsstjórninni yfirumsjón með öllum framkvæmdum þess, eins og ákvörðun aðalfundar og lög félagsins mæla fyrir. Stjórninni er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að sjá um skrifstofuhald, fjárvörslu og daglegan rekstur félagsins.

Formaður boðar stjórnarfundum eins oft og þurfa þykir og stjórnar þeim. Skylt er honum einnig að boða stjórnarfundum, ef fjórir stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef minnst fjórir stjórnarmenn eru mættir á fund. Ritari heldur gerðarbók á fundum.

Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum og bókhaldi félagsins.

Aðalfundur kys a.m.k. einn endurskoðanda, endurskoðunarframtæki eða skoðunarmann. Skoðunarmaður, ef hann er ekki endurskoðandi, skal hafa þá reynslu af bókhaldi og reikningsskilum sem með hliðsjón af stærð og starfsemi félagsins telst nauðsynleg til rækslu starfans. Óhæðisskilyrði V. Kafla laga nr. 94/2019, um endurskoðendur, eiga einnig við um skoðunarmenn.

6. grein

Stjórn félagsins boðar félagsfundum eins oft og þurfa þykir. Sama er, ef minnst tíu félagar æskja þess skriflega og tilgreina fundarefni. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða til fundar með auglýsingu á vefsíðu félagsins og fésbókarsíðu eða með ábyrgðarbréfi eða með auglýsingu í dagblöðum og útvarpi.

Fundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað og minnst 30 lögmætir félagar sitja hann. Afl atkvæða skal ráða úrslitum allra mála á fundum félagsins nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

Formaður eða staðgengill hans setur fundi og lætur kjósa fundarstjóra í byrjun fundarins. Hinn kjörni fundarstjóri úrskurðar í byrjun fundarins, hvort löglega hafi verið til hans boðað og hvort hann sé lögmætur. Sé fundur ekki lögmætur, má boða til hans að nýju á venjulegan hátt og er hann þá lögmætur án tillit til þess, hversu margir eru mættir. Félagar 18 ára og eldri hafa kosningarétt og kjörgengi.

7. grein

Aðalfundur skal eigi halda síðar en í apríl ár hvert, og skal hann boðaður skv. ákvæðum 6. gr. en þó með minnst tveggja vikna fyrirvara. Skoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi á skrifstofu þess, félögum til athugunar í sjö daga fyrir aðalfund. Það sama gildir um tillögur til lagabreytinga skv. 3. tl. 2. mgr., sbr. 16. gr.

Dagskrá aðalfundar sé:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Formaður leggur fram og skýrir skýrslu stjórnarinnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.

3. Gjaldkeri skýrir og leggur reikninga félagsins fram til samþykktar. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár skal jafnframt lögð fram.
4. Lagabreytingar skv. 16. gr.
5. Kosin stjórn skv. 5. gr.
6. Kosinn a.m.k. einn skoðunarmaður, endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki skv. 5. gr.
7. Ákvörðun árgjalds skv. 8. gr.
7. Önnur mál, sem félagið varðar.

Framboðum til stjórnar, þ. á m. til formanns, skal skila skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en viku fyrir aðalfund. [Kjörgengi miðast við lögræðisaldur og atkvæðisréttur við 16 ára aldur.](#)

Commented [HS4]: Breytt til samræmis við gr. 5.7. e í lögum ÍSÍ

8. grein

Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Árgjald félaga skal ákveðið á aðalfundi árlega.

9. grein

Stjórn félagsins er heimilt að kjósa heiðursfélaga. Heiðursfélagar geta þeir einir orðið, sem sýnt hafa frábæran árangur og dugnað í störfum sínum til eflingar félaginu og markmiðum þess.

10. grein

Reglur um kappreiðar skulu vera samkvæmt samþykktum Landsambands hestamanna (LH).

11. grein

Stjórn félagsins ákveður hvenær hestamót skulu haldin og skipar starfsmenn eftir því, sem lög og reglur LH mæla fyrir.

12. grein

Heimilt er félaginu að vera aðili að almennum samtökum hestamannafélaga í landinu. Félagið er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur, LH og ÍSÍ. Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa á ársþing ÍBR. Á ársþing LH eru formaður, framkvæmdastjóri, stjórn og formenn starfsnefnda sjálfskipaðir. Stjórn velur aðra fulltrúa.

13. grein

Stjórn félagsins er heimilt að stofna deildir innan þess. Deildir innan félagsins eru bundnar af lögum þess og skal leitað staðfestingar á deildarstofnun og sérlögum deilda á næsta aðalfundi Fáks. Nefndir félagsins hafa ekki heimild til að skuldbinda félagið fjárhagslega nema með samþykki stjórnar. Starfsnefndir félagsins eru fræðslunefnd, kynbótanefnd, mótanefnd, reiðveganeftnd og æskulýðsneftnd.

14. grein

Stjórn félagsins er óheimilt að selja fasteignir þess, kaupa fasteignir eða hefja byggingu þeirra nema samþykki lögmæts félagsfundar komi til. Ef stjórn hyggst leita samþykkis fundar fyrir slíkri ráðstöfun skal geta þess í fundarboði. Heimildir skv. grein þessari skal nota innan tveggja ára frá því þær eru veittar.

15. grein

Stjórn félagsins setur reglur um hagabeit, rekstur hesthúsa félagsins, félagsheimili og aðra starfsemi þess, og skulu þær fást á skrifstofu félagsins.

16. grein

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi, og 2/3 – tveir þriðju - hlutar greiddra atkvæða samþykkja breytinguna.

Lagabreytingar, sem félagar kunna að vilja bera fram, skulu berast stjórninni eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins og skal geta þeirra í fundarboði. Vilji stjórn félagsins gera tillögur til breytinga á lögum félagsins skal þeirra helstu getið í fundarboði og þær skulu liggja frammi í heild sinni á skrifstofu félagsins ásamt tillögum félagsmanna viku fyrir aðalfund, sbr. 7. gr.

17. grein

Ef slíta skal félaginu, verður það einungis gert á fundi, þar sem mættir eru minnst 3/4 – þrír fjórðu - hlutar félagsmanna, og verður það þá því aðeins gert, að 2/3 – tveir þriðju - hlutar fundarmanna greiði því atkvæði. Að öðrum kosti skal boða til nýs fundar og verður þá félaginu slitið á löglegan hátt, 2/3 fundarmanna greiða því atkvæði, án tillit til þess, hve margir eru mættir á fundinum. Verði félaginu þannig slitið, skulu eignir þess afhentar einhverri stofnun Reykjavíkurborgar í samráði við Borgarráð til vörslu, þar til nýtt félag með svipuðum markmiðum og Hestamannafélagið Fákur hafði, sbr. 2. gr. verður stofnað í Reykjavík. Skulu eignirnar þá afhentar því félagi til eignar, enda hafi Borgarráð áður kannað vilja og getu hins nýja félags að takast á hendur slíkan rekstur. Þann tíma, sem líða kann frá því að Reykjavíkurborg væru afhentar eignirnar til vörslu, þar til nýju félagi yrðu afhentar eignirnar skv. fyrimælum í grein þessari, er Reykjavíkurborg heimilt að nýta eignirnar á hvern þann hátt, sem hentugast þætti að því tilskyldu, að öllum eignum sé haldið eðlilega við.

[18. grein](#)

[Félagið ber eftirfarandi skyldur skv. 7. gr. laga ÍSÍ:](#)

- a) [Að fylgja lögum og reglum ÍSÍ og er skylt að innleiða þær breytingar sem gerðar eru á regluverki ÍSÍ í eigið regluverk, eftir því sem við á. Sé misræmi milli laga félagsins og laga ÍSÍ, ganga lög ÍSÍ fram.](#)
- b) [Að starfa í samræmi við markmið og stefnur ÍSÍ.](#)
- c) [Að tryggja að allir sem taka þátt í starfi félagsins eða koma fram fyrir þeirra hönd, þar með talið iðkendur, starfsmenn, sjálfboðaliðar og aðrir fulltrúar, starfi í samræmi við lög, reglur, siðareglur og hegðunarviðmið ÍSÍ og viðeigandi sambandsaðila. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir sem starfa á vegum félagsins séu upplýstir um framangreindar reglur og viðmið og þeim sé fylgt í hvívetna.](#)
- d) [Að viðhafa góða stjórnarhætti.](#)
- e) [Að hlíta alþjóðalyfjareglum og veita ÍSÍ og Lyfjiaeftirliti Íslands fullt samstarf og aðstoð í verkefnum er varða framkvæmd lyfjiaeftirlits.](#)
- f) [Er óheimilt að ráða til starfa einstaklinga sem hlotið hafa refsíðna vegna brota á ákvæðum XXII. kafla, 211. eða 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsíðna fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Ákvæði þetta nær einnig til þeirra sem falin er umsjón með börnum og ungmennum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs, sbr. lög nr. 64/1998.](#)
- g) [Að afla sakavottorðs frá einstaklingum sem til stendur að ráða innan félagsins og eiga að sinna börnum og ungmennum undir 18. ára aldri.](#)

[19. grein](#)

[Lög félagsins og breytingar á þeim barfnast staðfestingar ÍBR og ÍSÍ.](#)

~~19.~~ 20. grein

Með lögum þessum eru úr gildi fallin eldri lög félagsins.

Commented [HS5]: Lög félagsins uppfærð m.t.t 7. gr í lögum ÍSÍ, þ.e skyldur félagsins gagnvart ÍSÍ

Commented [HS6]: Breytt til samræmis við gr. 5.7.i) í lögum ÍSÍ.?

Samþykkt á aðalfundi [xx. apríl 2026](#), staðfest af [ÍBR bann \[xx\]](#) og [ÍSÍ bann \[xx\]](#)